

Nr. 18-120 S 077 Tjúlla GK 29**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2595
Útgerð: Gotti ehf
Smíðaður: Sandgerði 2004, trefjaplast.
Stærð: 10,66 bt
Mesta lengd: 10,25 m Skráð lengd: 10,24 m
Breidd: 3,28 m Dýpt: 1,33 m
Vél: Cummins, 187 kw, 2004
Fjöldi skipverja: 1



Tjúlla © Sigurður Bergþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 3. júlí 2018 var Tjúlla GK 29 á handfæraveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 3-4 m/s.

Skipstjórinn tilkynnti til Vaktstöðvar siglinga að báturinn væri vélarvana og óskaði eftir aðstoð. Jónína Brynja ÍS 55 dró Tjúllu til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að Jabsco sjódæluhúsið rifnaði (sjá mynd) og fór að leka;
- að í ljós kom að slitplata í botni dælnnar hafði snúist með dæluhjólinu og skorið sig í gegnum dæluhúsið;
- að nýlega hafði verið skipt um dæluhjólið.



Rifan á dæluhúsi

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.